

87. stjórnarfundur símafundur 20. mars 2015.

Mætt: Böðvar Pétursson, Reynir Arnarson, Ruth Magnúsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Árni Geirsson frá Alta sat einnig fundinn.

Hjalti Þór Vignisson var fjarverandi.

Fundur hófst kl.11:00

1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Fyrir fundinum lá 4.útg. af drögum að Stjórnunar- og verndaráætlun með áorðnum breytingum frá 3.útg.

Nokkrar fyrirspurnir og athugasemdir komu fram m.a. frá RBH, sem snéru að texta á bls. 45 og bls. 51.

- Ekki talin vera þörf fyrir breytingar.

RBH var einnig með hugleiðingar varðandi texta um landslagsheildir; að þegar skoðaðar eru hugsanlegar stækkanir á þjóðgarðinum, að huga að því að þjóðgarðurinn byggist upp sem heild.

- Þessar hugleiðingar verða skoðaðar frekar og RBH tekur aftur fyrir á næsta fundi.

RA kom fram með fyrirspurn um þegar samþykktar tillögur um breytingar á orðavali.

- Ekki talin ástæða til að breyta fyrri ákvörðunum.

Á síðasta fundi var ákveðið, að sérstaklega yrði unnið með ákvæði um Tjöldun/Gisting þ.á m. með aðkomu þjóðgarðsvarða. Sú vinna stendur yfir og stefnt að því að fyrir næsta stjórnarfund liggi fyrir lokatillaga til skoðunar og samþykktar.

- Árni mun fínþússa textann, en að öðru leyti var framangreind útgáfa Stjórnunar- og verndaráætunar samþykkt og verður hún tekin aftur fyrir, til endanlegar samþykktar, á næsta stjórnarfund.

2. Næsti fundur

- Næsti fundur verður á vestursvæði fimmtudaginn 26. mars.

Fundi lauk kl.12:00